

Hitaveita Rangæinga

Árshlutareikningur

1.1. - 30.6. 2006

Hitaveita Rangæinga
Eyjasandi 9
850 Hella
kt. 450382-0199

Hitaveita Rangæinga

Árshlutareikningur

1.1. - 30.6. 2006

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Áritun forstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritun endurskoðenda

Til eigenda Hitaveitu Rangæinga.

Við höfum kannað árshlutareikning Hitaveitu Rangæinga fyrir tímabilið 1.1. - 30.6. 2006. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum fyrirtækisins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri yfirlýsingu sem við gefum um árshlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Við könnuðum árshlutareikninginn eftir þeim endurskoðunarvenjum á Íslandi sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nokkuð góð víska fáiast um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnunin felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna fyrirtækisins, greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins, auk samanburðar á kennitölum. Könnunin veitir því minni vissu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós í árshlutareikningnum.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins fyrir tímabilið 1.1. - 30.6. 2006, efnahag þess 30. júní 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1.1. - 30.6. 2006, í samræmi við settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Reykjavík, 30. ágúst 2006

Deloitte hf.

Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi

Áritun forstjóra

Tap á Hitaveitu Rangæinga á tímabilinu 1.1. - 30.6. 2006 nam kr. 21.402.219. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir fyrirtækisins kr. 648.381.269, bókfært eigið fé í lok júní er kr. 105.654.615 og er eiginfjárhlutfall fyrirtækisins 16,3%.

Að álit forstjóra Hitaveitu Rangæinga koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu fyrirtækisins í lok tímabilsins, rekstrarárangri tímabilsins og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir hér með árshlutareikning Hitaveitu Rangæinga fyrir tímabilið 1.1. - 30.6. 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2006

Forstjóri

Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1. - 30.6. 2006

	Skýr.	1.1. - 30.6. 2006	1.1. - 30.6. 2005
Rekstrartekjur		53.037.357	40.992.393
Laun og tengd gjöld		0	(2.355.989)
Annar rekstrarkostnaður		(20.728.272)	(22.831.744)
Afskriftir	5	(13.324.831)	(12.243.029)
Rekstrarhagnaður		18.984.254	3.561.631
Fjármunatekjur	3	362.857	936.534
Fjármagnsgjöld	4	(40.749.330)	(21.521.950)
Afkoma tímabilsins		(21.402.219)	(17.023.785)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.06.2006	31.12.2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	<u>629.529.783</u>	<u>637.729.225</u>
		<u>629.529.783</u>	<u>637.729.225</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		15.363.805	13.240.297
Aðrar skammtímakröfur		2.253.551	7.315.987
Handbært fé		<u>1.234.130</u>	<u>7.778.799</u>
		<u>18.851.486</u>	<u>28.335.083</u>
Eignir		<u>648.381.269</u>	<u>666.064.308</u>

30. júní 2006

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	30.06.2006	31.12.2005
Eigið fé	6		
Óráðstafað eigið fé		<u>105.654.615</u>	<u>127.056.834</u>
Eigið fé		<u>105.654.615</u>	<u>127.056.834</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímalán	7	<u>507.039.118</u>	<u>490.856.193</u>
		<u>507.039.118</u>	<u>490.856.193</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.389.860	8.631.103
Skuld við Orkuveitu Reykjavíkur		13.070.868	3.417.179
Næsta árs afborganir langtímaskulda	7	16.642.813	28.141.635
Aðrar skammtímaskuldir		<u>3.583.995</u>	<u>7.961.364</u>
		<u>35.687.536</u>	<u>48.151.281</u>
Skuldir		<u>542.726.654</u>	<u>539.007.474</u>
Eigið fé og skuldir		<u>648.381.269</u>	<u>666.064.308</u>

Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1.1. - 30.6. 2006

	Skýr.	1.1. - 30.6. 2006	1.1. - 30.6. 2005
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		18.984.254	3.561.631
Afskriftir		13.324.831	12.243.029
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		32.309.085	15.804.660
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun		2.938.928	17.004.432
Viðskiptaskuldir hækkun (lækkun)		(6.241.243)	(7.591.320)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		29.006.770	25.217.772
Innborgaðir vextir og arður		362.857	936.534
Greiddir vextir		(18.836.627)	(18.737.086)
Handbært fé frá rekstri		10.533.000	7.417.220
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	5	(5.125.389)	(30.147)
		(5.125.389)	(30.147)
Fjármögnunarahreyfingar			
Innborgun frá fyrri eigendum		0	45.000.000
Orkuveita Reykjavíkur		9.653.689	(43.866.550)
Afborganir langtímaskulda		(21.605.969)	(20.592.714)
		(11.952.280)	(19.459.264)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(6.544.669)	(12.072.191)
Handbært fé í upphafi árs		7.778.799	46.998.369
Handbært fé í lok tímabilsins		1.234.130	34.926.178
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		18.212.684	2.577.587

Skýringar

1. Starfsemi

Hitaveita Rangæinga er þjónustufyrirtæki í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og rekur hitaveitu á þjónustusvæði sínu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Hitaveitu Rangæinga fyrir tímabilið 1.1. - 30.6. 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum fyrirtækisins.

Ahættustjórnun

Almenn stefna fyrirtækisins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá fyrirtækinu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádragnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að fyrirtækið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Fjármunatekjur

	1.1 - 30.6 2006	1.1 - 30.6 2005
Vaxtatekjur	362.857	936.534
	<u>362.857</u>	<u>936.534</u>

4. Fjármagnsgjöld

	1.1 - 30.6 2006	1.1 - 30.6 2005
Fjármagnstekjuskattur	0	(533)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(40.749.330)	(21.521.417)
	<u>(40.749.330)</u>	<u>(21.521.950)</u>

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Dælustöð, aðveita	Dreifikerfi	Veitukerfi Kaldárholti	Borholur hitaréttindi og hönnun	Kyndistöð
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	409.718.485	225.900.914	242.732.860	206.374.598	40.907.843
Eignfært á tímabilinu		3.042.199	1.886.875		
Staða í lok tímabilsins	409.718.485	228.943.113	244.619.735	206.374.598	40.907.843

Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	146.071.608	95.767.967	47.531.973	178.960.256	27.800.578
Afskrift tímabilsins	4.097.186	2.282.375	2.703.937	2.422.103	818.158
Staða í lok tímabilsins	150.168.794	98.050.342	50.235.910	181.382.359	28.618.736

Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	263.646.877	130.132.947	195.200.887	27.414.342	13.107.265
Bókfært verð í lok tímabilsins	259.549.691	130.892.771	194.383.825	24.992.239	12.289.107

Afskriftarhlutföll	2%	2%	2%	1-4%	4%
--------------------------	----	----	----	------	----

	Orkuver Laugalandi	Fasteignir	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	2.751.335	17.102.041	10.599.891	673.838	1.156.761.805
Eignfært á tímabilinu	196.315				5.125.389
Staða í lok tímabilsins	2.947.650	17.102.041	10.599.891	673.838	1.161.887.194

Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	29.142	13.804.623	8.459.979	606.454	519.032.580
Afskrift tímabilsins	45.021	342.041	614.010		13.324.831
Staða í lok tímabilsins	74.163	14.146.664	9.073.989	606.454	532.357.411

Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	2.722.193	3.297.418	2.139.912	67.384	637.729.225
Bókfært verð í lok tímabilsins	2.873.487	2.955.377	1.525.902	67.384	629.529.783

Afskriftarhlutföll	4%	4%	20%	20%	
--------------------------	----	----	-----	-----	--

Hitaveita Rangæinga hefur einkarétt til jarðborana eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Kaldárholt og til að virkja og nýta allan jarðhita sem þar fæst með borun.

Fasteignamat og brunabótamat eigna fyrirtækisins í árslok 2005 greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Fasteignir og lóðir	60.884.000	152.175.000

Skýringar

6. Eigið fé

	Stofn- framlag	Annað frjálst eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2006	12.000.000	115.056.834	127.056.834
Tap tímabilsins		(21.402.219)	(21.402.219)
Eigið fé 30.6.2006	12.000.000	93.654.615	105.654.615

7. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir í ISK	523.681.931	518.997.828
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(16.642.813)	(28.141.635)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins	507.039.118	490.856.193

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir	16.642.813
Afborganir 1.7. 2007 - 30.6 2008	9.448.052
Afborganir 1.7. 2008 - 30.6 2009	22.832.793
Afborganir 1.7. 2009 - 30.6 2010	26.769.481
Afborganir 1.7. 2010 - 30.6 2011	26.769.481
Afborganir síðar	421.219.311
	523.681.931

8. Skattamál

Hitaveita Rangæinga hefur verið undanþegin tekjuskattur en með nýjum lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja verður fyrirtækið skattskyldt í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Löggin koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006. Ljóst er að skattalegt verð eigna og skulda fyrirtækisins verður ekki það sama og bókfært verð þeirra 1. janúar 2006. Þetta mun leiða af sér reiknaða tekjuskattsinneign eða tekjuskattsskuldbindingu. Hafin er vinna við að reikna út hver sú fjárhæð verður en þar sem niðurstaða er ekki komin í það mál hafa ekki verið færðir neindir reiknaðir skattar í árshlutareikninginn nú.

9. Ábyrgðir og veðsetningar

Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Ásahreppur hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfalána samkvæmt útboði hjá KB banka hf., eftirstöðvar 170,1 milljónir króna og Íslandsbanka hf., eftirstöðvar 346,4 milljónir króna. Samkvæmt lánasamningi við Íslandsbanka hf. eru lánaákvæði um að uppgreiðsla skuldabréfanna sé óheimil. Jafnframt er ríkisábyrgð vegna lána frá Lánasjóði sveitarfélaga að eftirstöðvum um 7,2 milljónir króna í lok ársins.

10. Önnur mál

Hitaveitan hefur gert samning um húsaleigu við Rafmagnsveitur ríkisins um rými fyrir spennistöð í stjórn- og dælustöð að Laugalandi og er hann til 50 ára.

Gerðir hafa verið samningar um rekstrarleigu þriggja bifreiða. Samningar þessir eru ekki færðir í efnahagsreikning en leigugreiðslur gjaldfærðar í rekstrarreikningi. Árlegar greiðslur vegna þessara samninga nema um 1,3 milljónum króna.

Þann 1. janúar 1993 tók gildi ákvæði sem sett var í lög nr. 111/1992 þar sem lögfest er að sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns skuli bera 14% virðisaukaskatt. Samkvæmt reglugerð er Hitaveitu Rangæinga endurgreiddur hluti af álögðum virðisaukaskatti vegna sölu á heitu vatni eða 54% á tímabilinu 1.1.2006 - 30.06.2006.